

**Nefndasvið Alþingis**  
**Viðskiptanefnd**  
**b/t Selmu Hafliðadóttur**  
**nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 15. desember 2010.

Efni: Frumvarp til laga um brottfall laga um Bankasýslu ríkisins, nr. 88/2009. (112. mál)

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér brottfall laga um Bankasýslu ríkisins.*

Með lögum um Bankasýslu ríkisins, nr. 88/2009, var komið á fót ríkisstofnun með það hlutverk að fara með eignarhluti ríkissjóðs í fjármálafyrirtækjum. Samkvæmt 1. gr. laganna fer stofnunin með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum og leggur þeim til fé fyrir hönd ríkisins á grundvelli heimildar í fjárlögum. Í starfsemi sinni var stofnuninni ætlað að leggja áherslu á endurreisn og uppbyggingu öflugs innlands fjármálamarkaðar og stuðla að virkri og eðlilegri samkeppni á þeim markaði, tryggja gagnsæi í allri ákvarðanatöku varðandi þátttöku ríkisins í fjármálastarfsemi og tryggja virka upplýsingamiðlum til almennings.

Viðskiptaráð Íslands skrifaði á sínum tíma ítarlega umsögn um frumvarp til laga um stofnun Bankasýslu ríkisins. Þar lagðist ráðið almennt séð gegn stofnun fleiri ríkisstofnana þó tekið væri undir markmið hennar, þó afstaða ráðsins væri að ganga mætti lengra en lögin gerðu ráð fyrir. Taldi ráðið að markmiðum frumvarpsins yrði betur náð með opinberu hlutafélagi en ríkisstofnun. Mjög mikilvægt er að vernda þau sjónarmið sem höfð voru að leiðarljósi við stofnun Bankasýslu ríkisins og ber að fara varlega í að leysa hana upp með aðeins hálfnað verk að baki.

Ofangreint frumvarp mælir fyrir um brottfall laga um Bankasýslu ríkisins og með því að sú stofnun verði lögð niður. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að aðeins sé ein fjármálastofnun, þ.e. Landsbankinn, sem heyrir undir stofnunina ásamt eignarhlut ríkissjóðs í Sparisjóði Norðfjarðar. Hlutverk Bankasýslunnar samkvæmt ofangreindu er að fara með hluti ríkissjóðs í fjármálafyrirtækjum til tryggja hag þeirra og vernda fyrir pólitískum vindum. Enn sem komið er hefur uppstokkun og endurskipulagningu fjármálastofnana og sparisjóða ekki verið lokið. Uppstokkun vegna nokkurra sparisjóða er enn í gangi og lítur út fyrir að stofnfjárhlutir þeirra færast undir Bankasýslu ríkisins, verður því að hafa það í huga áður en hún er lögð niður.

Full ástæða er hins vegar til þess að hafa vakandi auga yfir hlutverki Bankasýslunnar og huga að brottfalli hennar þegar endurskipulagningu og uppstokkun fjármálafyrirtækja og sparisjóða er lokið. Enda ekki ástæða til að viðhalda eins kostnaðarsamri ríkisstofnun lengur en nauðsynlegt er.

Einnig er mjög mikilvægt að stofnun líkt og Bankasýsla ríkisins fari að öllu eftir eigendastefnu ríkisins vegna fjármálafyrirtækja<sup>1</sup>. Hafi stofnunin í starfi sínu ekki farið eftir þeirri stefnu verður sérstaklega að skoða það mál. Lausn á þeim vanda, sé hann til staðar, er hins vegar ekki að leysa upp stofnunina að mati undirritaðrar. Það hlýtur að falla undir verkahring fjármálaráðherra að fylgjast með því að

<sup>1</sup> [http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin\\_rit/Eigandastefna\\_rikisins\\_01092009.pdf](http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/Utgefin_rit/Eigandastefna_rikisins_01092009.pdf)

fylgt sé eftir eigendastefnu ríkissins og taka á því ef svo reynist ekki vera, enda heyrir stofnunin undir embætti hans.

Í greinargerð með frumvarpinu er varð að lögum nr. 88/2009 kom m.a. fram að ríkið þurfi að vera trúverðugur eigandi fjármálafyrirtækja og hlutverk þess hafið yfir vafa um pólitísk afskipti af daglegum ákvörðunum fyrirtækjanna. Þessi sjónarmið verður enn að hafa að leiðarljósi sama hvaða stefna er tekin með Bankasýslu ríkissins. Mjög mikilvægt er því að áréttu að eigendastjórnun fjármálafyrirtækja eigi ekki að heyra beint undir fjármálaráðuneytið eins og framlagt frumvarp mælir fyrir um og ynni þannig gegn eigendastefnu ríkissins vegna fjármálafyrirtækja. Verði sú ákvörðun tekin að afnema stofnunina áður endurskipulagningu allra fjármálafyrirtækja hefur verið lokið er mikilvægt að eigendastjórnun verði fundinn annar farvegur sem tryggir ofangreind sjónarmið. Í þessu samhengi mætti til að mynda skoða aðkomu sérstaks vinnuhóps sem samansettur er af sérfræðingum, bæði úr viðkomandi fyrirtækjum og frá stjórnvöldum, þó ekki undir beinni stjórn fjármálaráðuneytisins, sem færi með það hlutverk sem Bankasýsla ríkissins hefur nú undir höndum.

**Viðskiptaráð Íslands leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga að óbreyttu.**

Virðingarfyllst,



---

Þórdís Bjarnadóttir  
Lögfræðingur  
Viðskiptaráð Íslands